



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**109. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 16. september 2022
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson, Ásgeir Sveinsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Helga Jóhannesdóttir, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kjartan Magnússon, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Dagskrá:

Pawel Bartoszek formaður setti fund og sá um fundarstjórn.

1. Fjárhagsáætlun 2023 - 1510002

Fyrirliggjandi er tillaga dags. 13. september 2022, br. 15. september 2022 frá svæðisskipulagsstjóra til svæðisskipulagsnefndar að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2023.

Samþykkt

Kjartan Magnússon kom á fund klukkan 14:05 undir umræðu um 2. lið.

2. Störf svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Á 108. fundi var ofangreint tekið fyrir og eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: Formanni og svæðisskipulagsstjóra er falið að móta tillögur að dagskrá og áherslum svæðisskipulagsnefndar á kjörtímabilinu í samræmi við umræður á fundinum.

Fyrirliggjandi eru drög til umræðu: Áherslur Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á kjörtímabilinu 2022-2026. Drögin verða lögð fyrir nefndarmenn til umræðu á fundinum.

Formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna úr framkomnum athugasemdum á milli funda.

Frestað

3. Svæðisskipulag - breyting á vaxtamörkum - Rjúpnahlið- Garðabær - 2208011

Fyrirliggjandi er bréf skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 12. ágúst 2022 þar sem óskað er eftir meðferð svæðisskipulagsnefndar varðandi breytingu á

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

vaxtamörkum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins við Rjúpnahlíð í Garðabæ. Einnig fylgir lýsing dags. janúar 2022 sem bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt. Tilgangur breytingar er að breyta landnotkun í aðalskipulag Garðabæjar úr opnu svæði í athafnasvæði. Um breytingar á svæðisskipulagi fer samkvæmt 22.-25. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og ber svæðisskipulagsnefnd ábyrgð á gerð og afgreiðslu svæðisskipulagsbreytinga.

Gestir

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar -

Samþykkt samhljóða að fela svæðisskipulagsstjóra að hefja gerð lýsingar að svæðisskipulagsbreytingu, í samstarfi við skipulagsstjóra Garðabæjar, sem tekur mið af fyrirliggjandi gögnum og umræðum af fundinum.

Björg Fengler, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson og Valdimar Birgisson leggja fram eftirfarandi bókun: Markmið þessara fyrirhuguðu breytinga er að skapa rými fyrir atvinnufyrirtæki í stað þeirra atvinnusvæða sem fyrirhugað er að gangi í gegnum endurnýjum samhljóða þéttingu byggðar á þróunarás. Þau sjónarmið eru almennt í samræmi við heildarmarkmið svæðisskipulags og því eðlilegt að skoða breytingu vaxtarmarka í því samhengi.

Björg Fengler fór af fundi fundi 14:52.

4. MOS Blikastaðaland-deiliskipulag verslunar, þj. og athafnasvæðis - 1910007

Fyrirliggjandi er tölvupóstur verkefnastjóra skipulagsmála í Mosfellsbæ dags. 1. júní 2022 þar sem ofangreint skipulag er kynnt til athugasemda og umsagna. Athugasemdafrestur var frá 2. júní til og með 29. júlí 2022. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða tillögu að nýju deiliskipulagi suðvestur af Blikastaðalandi. Fyrirhugað er að reisa byggð fyrir atvinnukjarna, þar sem áhersla er á sjálfbærni og samnýtingu, náttúru og aðlaðandi umhverfi. Samgönguás borgarlínu mun liggja í gegnum skipulagssvæðið.

Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson og Valdimar Birgisson leggja fram eftirfarandi bókun: Uppbygging í Blikastaðalandi fellur vel að markmiðum svæðisskipulags. Borgarlína fer í gegnum skipulagssvæðið og svæðið er innan vaxtarmarka og liggur á samþykktum þróunarás. Líta þarf til aðgerða í Markmiði 2.3 gildandi svæðisskipulags, tryggja að gangbrautir og hjólabrautir meðfram Borgarlínu sé nægilega breiðar og að stígakerfið hverfisins sé samfelld þannig að stígar sem liggja yfir Borgarlínugötu mætist.

Orri Björnsson sat hjá.

5. MOS Miðsvæði Sunnukrika 401-M Aðal- og deiliskipulagsbreyting - 2202024

Fyrirliggjandi er tölvupóstur dags. 12. maí 2022 frá verkefnastjóra skipulagsmála í Mosfellsbæ þar sem ofangreint skipulag er kynnt til athugasemda og umsagna.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Athugasemdafrestur var frá 12. maí til og með 27. júní 2022. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. sömu laga.

Ekki gerðar athugasemdir.

6. **MOS Miðsvæði Mosfellsbæjar 116-M og Bjarkarholt 1, 2 og 3-Aðal- og deiliskipulagsbreytingar - 2205008**

Fyrirliggjandi er tölvupóstur dags. 12. maí 2022 frá verkefnastjóra skipulagsmála í Mosfellsbæ þar sem ofangreint skipulag er kynnt til athugasemda og umsagna. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. sömu laga. Breytingin felur í sér fjölgun leyfilegra íbúða á miðbæjarsvæði 116-M, úr 386 í 750, gerð með uppfærslu á töflu um íbúðarbyggð í greinargerðar gildandi aðalskipulags. Í stað hefðbundinna íbúða koma þjónustuíbúðir tengdar dvalarheimili Eirar að Hlaðhömrum.

Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson og Valdimar Birgisson leggja fram eftirfarandi bókun: Uppbygging íbúða á svæðinu fellur að mati svæðisskipulagsnefndar vel að markmiðum svæðisskipulags. Skipulagssvæðið liggur innan vaxtarmarka svæðisskipulags og inn á þróunarás vegna Borgarlínu. Nauðsynlegt er að deiliskipulagstillagan tryggji nægilegt rými fyrir Borgarlínu og samsíða göngu- og hjólastíga í samræmi við Markmið 2.3 gildandi svæðisskipulags.

Orri Björnsson sat hjá.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.